



Fundargerð

447. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 25. feb. 2020 kl. 15:15.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson (II), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir(ÁÝS) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 6 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá; „Fundargerð Velferðarnefndar frá 19.02.20“ undir fundargerðir og „Raforka - örútboð - niðurstaða“ og „kosning oddvita“ undir önnur mál.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd frá 20. febrúar 2020:

JÖE fór fundargerðina.

Tekinn fyrir fyrsti liður, **Framkvæmdaleyfi v/ Vestfjarðavegar** og svohljóðandi tillaga að bókun og afgreiðslu:

„Lögð er fram umsókn Vegagerðarinnar, dags. 16.12.2019, um framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg á milli Bjarkalundar og Skálaness, svokölluð leið Þ-H. Með umsókn fylgja hönnunargögn og aðrar upplýsingar í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi. Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi, byggingu nýs Djúpadalsvegar með austanverðum Djúpafirði og endurbyggingar Gufudalsvegar í vestanverðum Gufufirði, ásamt efnistöku fyrir framkvæmdum og frágangi að framkvæmdum loknum. Lagðar eru fram umsagnir Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps um framkvæmdaleyfisumsókn. Brugðist hefur verið við umsögnum með tillögum að frekari skilmálum fyrir framkvæmdum.

Lögð er fram greinargerð um framkvæmdaleyfi, dags. febrúar 2020, ásamt skilmálum fyrir framkvæmdum.

Framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Reykhólahrepps m.s.br. og gögn uppfylla þær kvaðir sem koma fram í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Afgreiðsla Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd á fundi 20. febrúar sl., var að leggja til, byggt á fyrirliggjandi gögnum og skilmálum sem settir eru fyrir framkvæmd, að samþykkja umsókn Vegagerðarinnar um leyfi fyrir Vestfjarðavegi skv. leið Þ-H. Sveitarstjórn hefur farið yfir öll gögn málsins og unnið greinargerð um framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn samþykkir umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg skv. leið Þ-H, með 29 skilmálum sem skulu koma fram í framkvæmdaleyfinu.

Sveitarstjóra í samráði við sveitarstjórn er falið að semja um framkvæmdaleyfisgjald og gera samning við Vegagerðina um eftirlit Reykhólahrepps með framkvæmdum í samræmi við framkvæmdaleyfi og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Þegar samkomulag liggur fyrir skal sveitarstjóri gefa út framkvæmdaleyfið og auglýsa í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.“

Samþykkt með þremur atkvæðum ÁHH, JÖE og EDBJ. ÁÝS sat hjá en ll greiddi atkvæði gegn framangreindri tillögu og óskaði bókað.

„Bókun vegna framkvæmdarleyfis fyrir Vestfjarðarveg 60.

Undirritaður getur ekki samþykkt framkvæmdarleyfi fyrir Teigskógsleið Vegagerðarinnar. Undirritaður vísar til fyrri bókana sinna um efnið. Auk þess sem undirritaður bendir á valkostaskýrslu Viaplan sem ítarlega greinargerð um málið. Í henni kemur fram svo ekki verður um villst hvaða kostur hentar Reykhólahrepp og þorpinu á Reykhólum best og hver ekki. Þar kemur fram að Þ-H leið mun ekki skila þorpinu á Reykhólum broti af því sem leið framhjá Reykhólum getur gert. Það er því ekki hægt að segja að hagsmunir Reykhólaborpsins og þá Reykhólahrepps séu undir þegar Þ-H leið er valin.

Sýna þarf fram á það skv. náttúruverndarlögum (60/2013) að brýna nauðsyn þurfi til að raska skógi af þeirri stærðargráðu sem Teigskógur er. Þessar brýnu nauðsyn hefur ekki enn verið sýnt fram á.

Allir eru sammála um að brýn nauðsyn sé á samgöngubótum um Reykhólahrepp, hvort sem um er að ræða leiðina gegnum hreppinn eða að þéttbýlinu. Enn eru í sveitarfélaginu fjallvegir sem oft eru varasamir og ófærir. Enginn hefur mótmælt því að samgöngubætur til að losna við þessa fjallvegi eru nauðsynlegar. Undirritaður leggur þó áherslu á það að hvergi hafi Vegagerðin eða nokkur annar aðili sýnt fram á brýna nauðsyn þess að fara um Teigskóg umfram aðrar leiðir til að útiloka þá fjallvegi. Þá minnir undirritaður á það að þessi áfangi tekur ekki á mesta þröskuldi leiðarinnar að öðrum sveitarfélögum á sunnanverðum Vestfjörðum, Klettshálsi. Leiðin um Klettsháls er lang oftast ófær af þeim hásum sem þarf að keyra yfir í Reykhólahreppi á leiðinni að öðrum sveitarfélögum á sunnanverðum Vestfjörðum. Ekki virðist vera brýn nauðsyn á því.

Ferlið hefur fram að þessu tekið um 17 ár. Í 17 ár hefur Vegagerðin hjakkast í sama farinu og í sömu leiðinni. Þrátt fyrir að hafa verið marg send heim með þessa leið og það af dómstólum síðast, skal ekki látið segjast. Það eru því afar léttvæg og jafnvel hlægileg rök að bera fyrir sig brýna nauðsyn vegna þess að Teigskógsleið taki styttri tíma en aðrar leiðir.

Ingimar Ingimarsson“

Vegna 2. liðar, **Vindorkuver - Garpsdal**: Tekinn fyrir drög að greinargerð og umhverfisskýrslu vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ítarlegar fuglarannsóknir fari fram vegna framkvæmdanna. Unnið verði að heildstæðri stefnu varðandi nýtingu vindorku í sveitarfélaginu við endurskoðun aðalskipulags sem er í gangi. Gengið verði frá samkomulagi um frágang á svæðisins að loknum líftíma. Jafnframt að haft verði náið samráð við íbúa sveitarfélagsins.

Samþykkt samhjóða

ÁHH vék af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. BsVest frá 13. janúar 2020:

Lögð fram fundargerð BsVest frá 13. janúar og hún rædd.

3. Stjórn Barmahlíðar frá 19. febrúar 2020:

EDBJ fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn þakkar Helgu Garðarsdóttur fráfarandi hjúkrunarforstjóra góð störf í þágu sveitarfélagsins og bíður Hendrikku Alfreðsdóttur velkomna til starfa.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

4. Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda frá 5. febrúar 2020:

Sveitarstjóri fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps frá 19. febrúar 2020:

JÖE fór yfir fundargerðirna.

Sveitarstjóra falið að ræða við aðildarsveitarfélög að nefndinni um tilhögun vinnu og verksvið nefndarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Mál til afgreiðslu.

6. Aðalskipulag - viðaukasamningur:

Lagður fram viðaukasamningur við Alta vegna aðalskipulagsgerðar.
Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

7. Hunda- og kattahald:

Lagt fram bréf frá Guðmundi H. Sigvaldassyni og Guðjóni D. Gunnarssyni varðandi hunda- og kattahald.

Vísað til meðferðar hjá umhverfis og nátturuverndarnefnd og henni falið að leggja drög að endurskoðun reglna þar um, sérstaklega um varptímann.

8. Styrkbeiðni vegna Danmerkurferðar:

Lagt fram erindi frá nemendum 8.-10. bekkjar Reykhólaskóla vegna Danmerkurferðar í apríl.

Samþykkt að styrkja hvern nemanda um 10.000 kr.

9. Leikskóli - gjaldskrá:

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir leikskólann sem taki gildi 1. mars nk.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskránnar með þeim breytingum sem fram komu á fundinum. Formanni mennta- og menningamálanefndar falið að ganga frá gjaldskránni í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

10. Sögufélag Barðarstrandarsýslu:

Lagt fram erindi frá Sögufélagi Barðarstrandarsýslu. Óskað er eftir styrk vegna útkomu Árbókar Barðarstrandarsýslu 2019 að upphæð 50.000 kr.

Samþykkt.

11. Fjárhagsdætlun 2020 - breytingar:

Frestað á milli funda.

12. Leikskóli:

Kynnt drög að auglýsingu um stöðu leikskólastjóra og leikskólakennara.

13. Vestfjarðavíkingurinn:

Lagt fram bréf frá Félagi kraftamanna.
Óskað eftir frekari upplýsingum.

14. Reykhólar hses:

Sveitarstjóri kynnti yfirlýsingu varðandi ábyrgðir vegna framkvæmda og reksturs Reykhóla hses.

Samþykkt samhljóða.

Íl vék af fundi undir þessum lið.

Mál til kynningar:

15. EFS - bréf um fjárfestingu 2019:

Lagt fram.

Önnur mál:

16. Raforka - örútboð - niðurstaða:

Lagt fram gögn frá Ríkiskaupum varðandi örútboð á raforku. Samþykkt að fela ríkiskaupum að ganga frá vali á viðskiptum miðað við hagstæasta tilboð.

17. Kosning oddvita:

Íl tók til máls og óskaði eftir að láta starfi oddvita lagði fram svohljóðandi yfirlýsingu.

„Yfirlýsing sitjandi oddvita sveitarstjórnar Reykhólahrepps 25.02.20

Það var á vordögum 2018 þar sem ég bauð mig fram til setu í sveitarstjórn Reykhólahrepps. Eftir glæsilega kosningu tæpra 86% kjósenda tók undirritaður sæti í sveitarstjórn. Á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar var ég kosinn oddviti sveitarfélagsins með öllum greiddum atkvæðum. Þessi stuðningur hefur verið mér ómetanlegur í störfum mínum sem sveitarstjórnarmaður og oddviti.

Mörg mál hafa legið fyrir og verið afgreidd á þessum tæpu tveimur árum sem ég hef setið sem oddviti sveitarstjórnar. Byggðar voru þrjár íbúðir, bætt voru kjör eldri borgara, endurgreidd árskort í sund, uppstokkun á störfum áhaldahúss, omfl. Flest verkefnana hafa verið auðveld og skemmtileg en önnur erfið og krefjandi. Yfir heildina hefur starfið verið spennandi og skemmtileg.

Eitt mál hefur þó gnæft yfir önnur og það ekki að ósekju. Um leið og þessi sveitarstjórn var kosin fékk hún í hendur skýrslu frá norsku ráðgjafafyrirtæki um Vestfjarðarveg 60. Þessi skýrsla var að flestu leiti mjög góð og var nú loksins teknir

fyrir hagsmunir Reykhólahrepps. Í valkostaskýrslu frá Viaplan sem við fengum svo síðar var þetta staðfest. Fyrir Reykhólahrepp og þorpið á Reykhólum væri best að fara leið framhjá Reykhólum en ekki Þ-H leið Vegagerðarinnar.

Í skýrslunum eru fjölmargir kostir nefndir fyrir Reykhólahrepp ef farið er fyrir ofan þorpið á Reykhólum. Þessi rök hafa ekki verið hrakin af neinum hingað til. Ég hef verið þeirra skoðunar allan tíman að umhverfið og hagsmunir Reykhólahrepps eigi að njóta vafans. Um þetta hefur verið ágreiningur í sveitarstjórn.

Þegar þetta allt er tekið saman sé ég ekki að mér sé sætt sem oddviti sveitarstjórnar Reykhólahrepps. Enda þarf sá aðili að koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins, leiða og framkvæma ákvarðanir sveitarstjórnar. Ég tel mig ekki geta komið fram fyrir hönd sveitarstjórnar þegar kemur að Þ-H leið þar sem ég get ekki stutt ákvörðun sveitarstjórnar um að velja þá leið. Það er því eðlilegt að kosinn verði nýr oddviti sem styður og getur framfylgt ákvörðunum sveitarstjórnar í þessu stærsta máli okkar.

Ég er þó hvergi nærri hættur afskiptum af sveitarstjórnarmálum hér í Reykhólahreppi. Ég mun halda áfram sem sveitarstjórnarfulltrúi eins og ég var kosinn til. Enda eru fjölmörg verkefni sem varða hagsmuni Reykhólahrepps sem ég áhuga á að berjast í. Enda var ég kosinn af íbúum Reykhólahrepps til að verja hagsmuni Reykhólahrepps og það mun ég gera hér eftir sem hingað til.“

Lagt var til að Árný Huld Haraldsdóttir yrði nýr oddviti.

Samþykkt samhljóða.

Lagt var til að Ingimar Ingimarsson yrði nýr varaoddviti.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.55
